

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 35 í stjórn Herjólfs ohf., haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Birna Vído Þórsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru sjö dagskrárliðir:

1. Þjónustumiðstöð við Landeyjahafnarafleggjara –Sveinn Waage og Davíð Elí Halldórsson kynna fyrir okkur verkefnið.

Sveinn og Davíð Elí viku af fundi eftir góða kynningu.

Stjórnin þakkar kynninguna, lýsir ánægju sinni með hugmyndina og fylgist spennt með næstu skrefum.

2. Merkingar við Þjóðveginn –Guðbjartur fer yfir hugmyndir og sviðsmyndir.

Framkvæmdastjóri kynnti teikningar og hugmyndir um vegamerkingar við afleggjarann við Landeyjahöfn.

Stjórnin þakkar hugmyndirnar og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málum.

3. Yfirferð –fundir með Vegagerð og Ríki.

- Fjárveiting 2020
- Kröfur vegna tafa á afhendingu 2019.

Stjórnarformaður og varaformaður fóru yfir fund sem þeir áttu með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs vegna fjárveitingar fyrir árið 2020, í framhaldi af fundi þeirra með samgönguráðherra og fulltrúum Vegagerðarinnar.

Framkvæmdastjóri fór yfir fund með Vegagerðinni varðandi kröfur vegna tafa á afhendingu nýja Herólfs fyrir árið 2019.

Stjórn Herjólfs ohf. lýsir ánægju með að fjárveitingar fyrir árið 2020 standi samkvæmt samningi. Búið er að ná samkomulagi um uppgjör við Vegagerðina vegna ársins 2019 og því ber að fagna.

4. Fyrirhuguð slíptaka Herjólfs IV –tímasetning og helstu verkefni.

Nýi Herjólfur þarf að fara í ábyrgðarslipp og áætlað er að það verði í maí.

5. Fyrirhuguð slíptaka Herjólfss III –tímasetning og helstu verkefni.

Slíptaka gamla Herjólfss rædd. Farið yfir hvað þarf að gera, lengd slíppsins og tímasetningu.

6. Starfsmannamál –Kjarasamningar

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í samningamálum.

Stjórnin þakkar yfirferðina og felur framkvæmdastjóra framgang málsins

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður mánudaginn 24. febrúar 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 19:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.